



**STEFNA LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS
2019-2024**

ÁVARP REKTORS

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Landbúnaðarháskóli Íslands setur hér fram nýja stefnu til fimm ára, 2019-2024, þar sem áhersla er lögð á að stórauка rannsóknir, nýsköpun og alþjóðlegt samstarf í því skyni að efla kennslu og innviði skólans. Áhersla verður lögð á sjálfbærni, fjölgun vísindamanna við skólann sem og fjölgun nemenda. Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á þremur meginstarfsstöðvum; á Hvanneyri, í Reykjavík og á Reykjum í Ölfusi. Þessar einingar mynda eina heild þannig að nemendur skólans hafa möguleika á að nýta sér aukna breidd í námsframboði og innviðir skólans til rannsókna, nýsköpunar og kennslu nýtast sem best til verðmætasköpunar og aukinnar samkeppnishæfni.

Til grundvallar stefnunnar liggja meðal annars sáttmáli ríkisstjórnarinnar, markmið fjármálaáætlunar 2019-2024 einkum kafli 7 um nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar og kafli 21 um háskólastigið, þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 og greining Vísinda- og tækniráðs – Samfélagslegar áskoranir 2018-2021.

Landbúnaðarháskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í þeim þáttum samfélagsins sem snúa að þróun landbúnaðar, nýtingu náttúruauðlinda, skipulagsmála, umhverfis- og loftslagsmála sem og samfélagsins og efnahagslífsins í heild. Hlutverk skólans er því afar víðfeðmt og gríðarlega mikilvægt. Það snertir grundvallarskilyrði lífs okkar á jörðinni og varðar fæðuöryggi, aðgengi að heilnæmu andrúmslofti, hreinu vatni og orku, sem aftur byggir á fjölbreytileika vistkerfa og jafnvægi þeirra í náttúrunni. Á undanförunum misserum hefur orðið mikil vitundarvakning á þessum sviðum og flestir farnir að átta sig á því að aðgerða er þörf. Sívaxandi einkaneysla og línulegir framleiðsluhættir þar sem úrgangur hrannast upp í náttúrunni eru farin að valda sýnilegum neikvæðum breytingum í umhverfinu um víða veröld. Kallað er eftir nýju skipulagi og nýjum hugmyndum er varða umgengni um auðlindir, landnýtingu og þróun byggða jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Þörf er á nýjum lausnum þar sem hugað er að hringrás framleiðsluþátta með sjálfbærni að leiðarljósi, umhverfisvænni flutningi á vörum og fólki, um leið og minni neysla muni þykja sjálfsögð og jákvæð.

Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands snertir öll 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna að engu undanskyldu. Þá styður stefnan vel við markmið ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun, loftslagsmarkmið, ósnortin víðerni og verndun náttúru og lífs. Landbúnaðarháskóli Íslands gegnir mikilvægu hlutverki við að skapa og miðla tækniþekkingu til að bregðast við hnattrænum áskorunum sem og að tryggja samfélagslegan stöðugleika, hagsæld og lífsgæði til framtíðar. Brýnt er að Landbúnaðarháskóli Íslands mennti og þjálfar nemendur sína og starfsfólk til að taka þátt í þeirri þróun og uppbyggingu sem framundan er með nýjum áherslum og öflugri rannsóknar- og nýsköpunarstarfi.



Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands leggur áherslu á samráð og samvinnu við atvinnulíf, sveitarfélög, opinberar stofnanir og stjórnvöld um uppbyggingu innviða, byggðaðróun og önnur sameiginleg málefni. Með auknu rannsókn- og nýsköpunarstarfi mun tækniþekking eflast og innviðir skólans styrkjast. Jafnframt mun starfsmenntanám skólans styrkjast og mun skólinn auka sýnileika þess hvernig nemendur hafa farið úr starfsmenntanámi í háskólanám, en einnig í starfsmenntanám að loknu háskólanámi. Þá verður lögð áhersla á innra og ytra starf skólans með fjölgun starfsmanna og nemenda og með því að ná fram samlegðaráhrifum með aukinni samvinnu og góðu samstarfi við hagaðila og kynningu á starfsemi skólans í samfélaginu.

Landbúnaðarháskóli Íslands mun á næstu árum leggja höfuðáherslu á að efla rannsóknir og alþjóðastarf og samþætta rannsóknir, nýsköpun og kennslu. Þannig mun skólinn best þjóna því hlutverki að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum.



„Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands snertir öll 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna að engu undanskyldu.“

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



Starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands snertir öll 17 sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna að engu undanskyldu. Sem dæmi má nefna:

MARKMIÐ 6 um verndun og endurheimt votlendis og að dregið verði úr mengun og endurnýting aukin.

MARKMIÐ 7 um aukið hlutfall endurnýjanlegrar orku, en þar eigum við gríðarleg tækifæri til dæmis með því að auka beina nýtingu jarðvarmans til matvælaframleiðslu ekki einungis á Íslandi heldur víða um heim.

MARKMIÐ 8 um að stuðla að aukinni framleiðni með nýsköpun og tækninýjungum og bættri nýtingu auðlinda.

MARKMIÐ 9 að efla vísindarannsóknir og nýsköpun til stuðnings ofangreindu.

MARKMIÐ 11 að taka þátt í þróun áætlaða um byggðapróun á landsvísi.

MARKMIÐ 12 um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda.

MARKMIÐ 13 um að koma að lausnum vegna loftslagsbreytinga í landsáætlunum, stefnumótun og skipulagi.

MARKMIÐ 15 sem kemur inn á vistkerfi á landi, sjálfbærni og líffræðilega fjölbreytni.





„Ísland á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð verður áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi.“

Sáttmáli ríkisstjórnarinnar

„Vel menntað fólk leggur grunninn að nútímalegu þekkingarsamfélagi þar sem rannsóknir og þekkingarstarfsemi verði grundvöllur verðmætasköpunar og fjölbreytts atvinnulífs. Með sterku háskólastigi verða íbúar færir um að takast á við flóknar samfélagslegar áskoranir og hagnýta öra tækniþróun samfélaginu til heilla.“

Fjármálaáætlun 2020-2024


MARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

Ríkisstjórnin hyggst ráðast í aðgerðir til að þróa lífhagkerfið enn frekar, styðja við grænar lausnir og aðferðir til að draga úr umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu með hvötum og stuðningi sem miði meðal annars að kolefnisjöfnun greinarinnar og að efla sérstaklega lífrænan landbúnað. Landbúnaður á Íslandi á að vera sjálfbær og leiðandi í framleiðslu á heilnæmum afurðum þar sem lögð er áhersla á nýsköpun og vöruþróun, til að stuðla að byggðafestu og auka verðmætasköpun. Stefnt er að því að styðja bændur til að byggja upp nýjar verðmætar búgreinar.

HLUTVERK

LBHÍ SKAPAR OG MIÐLAR ÞEKKINGU
Á SVIÐI SJÁLFBÆRRAR NÝTINGAR
AUÐLINDA, UMHVERFIS, SKIPULAGS
OG MATVÆLAFRAMLEIÐSLU Á
NORÐURSLÓÐUM

STEFNA LBHÍ 2019 - 2024





FRAMTÍÐARSÝN

**LBHÍ ER PEKKTUR INNANLANDS SEM OG Á ALPJÓÐAVETTVANGI
FYRIR FRAMSÆKNA KENNSLU, RANNSÓKNIR OG NÝSKÖPUN SEM
STUÐLI AÐ VERÐMÆTASKÖPUN OG FÆÐUÖRYGGI TIL FRAMTÍÐAR
MEÐ SJÁLFBÆRRI NÝTINGU AUÐLINDA**



SJÁLFBÆRNI HAGSÆLD FRAMSÆKNI

GILDI

SJÁLFBÆRNI

LBHÍ vinnur að sjálfbærri nýtingu auðlinda og hágæða matvælaframleiðslu.

HAGSÆLD

LBHÍ vinnur að hagsæld fyrir framleiðendur, neytendur, samfélag og umhverfi.

FRAMSÆKNI

LBHÍ leggur ríka áherslu á nýsköpun og rannsóknir á alþjóðamælikvarða og fléttar þá vinnu inn í kennslu með það að markmiði að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun.

ÁHERSLUR Í STARFI

2019 - 2024





STUÐLA AÐ NÝSKÖPUN OG VERÐMÆTASKÖPUN

Framtíðarsýn LBHÍ er að skólinn stuðli að aukinni verðmætasköpun og fæðuöryggi til framtíðar með sjálfbærri nýtingu auðlinda.

LBHÍ leggur áherslu á nýsköpun í námi og rannsóknum og að starfsemi skólans og útskrifaðir nemendur skili verðmætum til samfélagsins á ábyrgan og sjálfbæran hátt með framsýni, áræðni og hugviti.

AÐGERÐIR

- + LEGGJA ÁHERSLU Á NÝSKÖPUN Í UMHVÆRISMÁLUM OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU AUÐLINDA
- + STYÐJA SJÁLFBÆRNI MEÐ NÝJUM LAUSNUM Í SKIPULAGSMÁLUM
- + STYÐJA VIÐ HREINA HÁGÆÐA MATVÆLAFRAMLEIÐSLU OG HAGSÆLD FRAMLEIÐENDA
- + ÚTSKRIFA NEMENDUR SEM EFLA ÞEKkingu OG SKAPA VIRÐI Í ATVINNUGREINUM TENGÐUM LBHÍ
- + TRYGGJA GOTT SAMSTARF VIÐ ATVINNULÍF OG AÐRA HAGABILA

MÆLIKVARÐAR

- + FJÖLDI OG UMFANG SAMSTARFSVERKEFNA MEÐ ATVINNULÍFI / SAMFÉLAGI
- + FJÖLDI OG UMFANG NEMENDAVERKEFNA MEÐ ATVINNULÍFI / SAMFÉLAGI
- + FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA SEM VINNA VIÐ FAGIÐ
- + VIÐHORF ATVINNULÍFS TIL FÆRNI OG ÞEKkingAR ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA OG SAMSTARFS VIÐ LBHÍ
- + AUKIN ÁHERSLA Á NÝSKÖPUN OG SJÁLFBÆRNI Í KENNSLU OG RANNSÓKNUM

MARKMIÐ

- + A.M.K. FIMM NÝ SAMSTARFS-VERKEFNI ÁRLEGA
- + >70% ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA VINNI VIÐ FAGIÐ
- + JÁKVÆTT VIÐHORF ATVINNULÍFS >85%
- + NÁMSKEIÐ Í NÝSKÖPUN OG SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN SKYLDA Á ÖLLUM NÁMSBRAUTUM



SÆKJA FRAM Á SVIÐI RANNSÓKNA OG ÞRÓUNAR

Rannsóknir og þróun eru grunnurinn að framsækinni kennslu, nýsköpun og verðmætasköpun. LBHÍ hyggst stórefla starfsemi á sviði rannsókna og þróunar.

Sérstakt kapp verður lagt á að sækja fjármagn í samkeppnissjóði og að efla hæfni starfsfólks til þeirrar sóknar.

AÐGERÐIR

- + EFLA ALPJÓÐLEGT SAMSTARF
- + STÓRAUKA SÓKN Í SAMKEPPNISSJÓÐI
- + FJÖLGA RANNSÓKNA-, PRÓUNAR- OG NÝSKÖPUNARVERKEFNUM
- + FJÖLGA BIRTINGUM Í RITRÝNDUM TÍMARITUM
- + RÁÐA HÆFT FÓLK TIL EFLINGAR RANNSÓKNA
- + AUKA ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS TIL RANNSÓKNA OG PRÓUNARSTARFA

MÆLIKVARÐAR

- + FJÖLDI UMSÓKNA Í SAMKEPPNISSJÓÐI
- + AUKNING Á UMFANGI FENGINNA STYRKJA
- + FJÖLDI OG UMFANG STYRKTRA VERKEFNA (INNLENDRA/ NORRÆNNA/ALPJÓÐLEGRA)
- + FJÖLDI BIRTINGA Í RITRÝND TÍMARIT
- + FJÖLDI AKADEMÍSKRA OG ANNARRA STARFSMANNA SEM KOMA AÐ RANNSÓKNUM

MARKMIÐ

- + FJÖLDI UMSÓKNA Í SAMKEPPNISSJÓÐI A.M.K. 3 Á ÁRI AÐ MEÐALTALI Á HVERN AKADEMÍSKAN STARFSMANN
- + ÁRLEG MEÐALTALSAUKNING Í UMFANGI FENGINNA STYRKJA A.M.K. 30%
- + ÁRLEG NÁMSKEIÐ Í GERÐ STYRKUMSÓKNA
- + FJÖLDI BIRTINGA Í RITRÝND TÍMARIT A.M.K. EIN Á ÁRI AÐ MEÐALTALI Á HVERN AKADEMÍSKAN STARFSMANN
- + FJÖLGA AKADEMÍSKUM STARFSMÖNNUM UM A.M.K. 10% Á TÍMABILINU



BJÓÐA FRAMSÆKIÐ OG VIRÐISAUKANDI NÁM

Nám við LBHÍ miðar að því að styrkja nemendur til virkrar þátttöku í samfélaginu og að auka þekkingu, nýsköpun og hagsæld innan atvinnugreina á sviðum skólans.

Aukin áhersla verður lögð á að styrkja þverfaglegt nám byggt á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samþætta það við nýsköpun og rannsóknir.

Stefnt er að því að fjölga útskrifuðum nemendum og að þeir séu eftirsóttir í atvinnulífinu.

AÐGERÐIR

- + AUKA VÆGI ÞVERFAGLEGS NÁMS SEM STYÐUR VIÐ ALLAR STÖÐIR SJÁLFBÆRRAR ÞRÓUNAR
- + AUKA SAMÞÆTTINGU NÝSKÖPUNAR, RANNSÓKNA OG KENNSLU
- + STYÐJA VIÐ OG EFLA VERKLEGAN ÞÁTT NÁMS
- + EFLA STARFSMENNTANÁM SKÓLANS OG TRYGGJA ÞVÍ SKÝRA STÖÐ Í LÖGUM Í SAMRÁÐI VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI
- + EFLA ATVINNUGREINAR OG VERÐMÆTASKÖPUN Á SVIÐI SKÓLANS MEÐ FJÖLGUN NEMENDA
- + ENDURSKOÐA NÁMSFRAMBOÐ OG KENNSLUAÐFERÐIR MEÐ TILLITI TIL OFANGREINDS
- + EFLA ENDURMENNTUN OG BJÓÐA FLEIRI NÁMSKEIÐARAÐIR SEM SVARA KALLI ATVINNULÍFSINS HVERJU SINNI
- + EFLA HÆFNI KENNARA

MÆLIKVARÐAR

- + RANNSÓKNA- OG NÝSKÖPUNARVIRKNI KENNARA
- + FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA
- + HLUTFALL NEMENDA SEM LJÚKA NÁMI OG/EÐA FARA Í FRAMHALDSNÁM AF ÞEIM SEM HEFJA NÁM
- + ÁNÆGJA NEMENDA OG VIÐHORF TIL SKÓLANS
- + VIÐHORF HAGABILA TIL NÁMSINS OG FAGÞEKKINGU ÚTSKRIFAÐRA
- + FJÖLDI KENNARA SEM SÆKJA ENDURMENNTUN OG/EÐA ÞJÁLFUN Í KENNSLUFRÆÐUM

MARKMIÐ

- + >65% FASTRÁÐINNA KENNARA VIRKIR Í RANNSÓKNUM OG/EÐA NÝSKÖPUN
- + >5% ÁRLEG FJÖLGUN NEMENDA AÐ MEÐALTALI
- + >80% NEMENDA SEM HEFJA NÁM LJÚKI NÁMI Á RÉTTUM TÍMA
- + >30% NEMENDA FARA Í FRAMHALDSNÁM
- + >90% NEMENDA ÁNÆGGÐIR MEÐ NÁMIÐ
- + >85% HAGSMUNABILA TELJI NÁMIÐ VIRÐISAUKANDI OG HAGNÝTT
- + >90% KENNARA SÆKI REGLULEGA SÍMENNTUN



TRYGGJA SKILVIRKA NÝTINGU INNVIÐA

Innviðir skólans eru annars vegar rekstrareiningar sem styðja við kennslu, fræðslustarfsemi og rannsóknir og hins vegar stoðþjónusta sem nauðsynleg er allri starfseminni.

Áhersla verður lögð á að innviðir nýtist starfsemi skólans sem best, auki sjálfbærni og skili jákvæðri afkomu. Þá er lögð áhersla á að efla gæðamál og tryggja skilvirkni stoðþjónustu.

AÐGERÐIR


- + TRYGGJA ÖFLUGA OG SKILVIRKA STÖÐPJÓNUSTU
- + EFLA GÆÐAKERFI, SKJALAVISTUN OG VERKFERLA
- + BÆTA LES- OG VINNUAÐSTÖÐU NEMENDA
- + SAMPÆTTA SÖGU OG SÉRSTÖÐU HVANNEYRAR OG REYKJA VIÐ SKÓLASTARF OG EFLA FRÆÐSLUSTARF ALLT ÁRIÐ Á ÁBATASAMAN HÁTT
- + TRYGGJA FYRIRMYNDAR BÚREKSTUR SEM ER LEIÐANDI Í SJÁLFBÆRNI, UMHVERFISVERND OG TÆKNIPRÓUN
- + EFLA ÞÁTTTÖKU NEMENDA Í MÓTUN OG FRAMPRÓUN REKSTRAREININGA
- + KAPPKOSTA AÐ ENDURMENNTUN Á SVIÐUM SKÓLANS SÉ ÁHUGAVERÐ OG ARÐBÆR

MÆLIKVARÐAR

- + AÐ STÖÐPJÓNUSTA NÝTIST SKÓLA-STARFINU Á SEM BESTAN HÁTT
- + AÐ REKSTRAREININGAR SKILI JÁKVÆÐRI AFKOMU
- + AÐ REKSTUR VERÐI Í AUKNUM MÆLI SJÁLFBÆR
- + ÁNÆGJA STARFSMANNA OG NEMENDA MEÐ VIRKRI STÖÐPJÓNUSTU

MARKMIÐ

- + INNVIÐIR Á HVANNEYRI, REYKJUM OG KELDNAHOLTI NÝTIST SEM BEST TIL RANNSÓKNA- OG FRÆÐSLUSTARFSEMI OG SKILI AUKNUM TEKJUM TIL UPPBYGGINGAR Á SVÆÐUNUM
- + BÚREKSTUR UPPFYLLI VIÐMIÐ UM SJÁLFBÆRNI OG STANDI UNDIR KOSTNAÐI
- + TEKJUR AF ENDURMENNTUN STANDI UNDIR KOSTNAÐI
- + >90% STARFSMANNA OG NEMENDA SÉU ÁNÆGÐ MEÐ VIRKNI STÖÐPJÓNUSTU



EFLA MANNAUÐ OG LIÐSHEILD

Verðmæti menntastofnunar liggja fyrst og fremst í mannauðnum. Það er mikilvægt að starfsfólk og nemendur séu samstíga og tilbúin til að fylkja sér að baki stefnu og markmiðum skólans.

Lykiláhersla næstu ára verður á eflingu samskipta og samvinnu þannig að starfsfólk og nemendur upplifi LBHÍ sem einn skóla, með samþætt markmið, óháð starfsstöðvum, fræðasviðum og faggreinum.

AÐGERÐIR

- + SAMEINAST UM AÐ NOTA HEITI
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS
Í ALLRI UMFJÖLLUN UM SKÓLANN
OG STARFSEMI HANS
- + AUKA SAMSKIPTI OG SAMVINNU
STARFSMANNA OG NEMENDA MILLI
SVIÐA OG STARFSSTÖÐVA
- + TRYGGJA SPENNANDI OG GEFANDI
STARFSUMHVERFI
- + TAKA UPP 7 VENJUR TIL ÁRANGURS
- + HAFI REGLULEGA STARFSMANNAFUNDI
OG STARFSDAGA
- + HAFI REGLULEGA FUNDI MEÐ
NEMENDUM
- + TRYGGJA NÆGILEGAN OG HÆFAN
MANNAFLA
- + TRYGGJA SKILVIRKA OG GAGNSÆJA
STJÓRNUN
- + EFLA VIRÐINGU, HLUSTUN, GLEÐI
OG GAGNKVÆMT TRAUST

MÆLIKVARÐAR

- + MEÐVITUND STARFSFÓLKS UM
STEFNU OG GILDI OG HVERNIG
ÞAU MÓTA STARF HVERS OG EINS
- + ÁNÆGJA STARFSFÓLKS
MEÐ STARFSUMHVERFI
- + TRAUST STARFSFÓLKS
TIL STJÓRNENDA

MARKMIÐ

- + >90% STARFSFÓLKS HAFI GÓÐA
ÞEKKINGU Á STEFNU OG GILDUM
- + >90% STARFSFÓLKS SÉ ÁNÆGT
MEÐ STARFSUMHVERFI
- + >90% STARFSFÓLKS BERI TRAUST
TIL STJÓRNENDA



TRYGGJA TRAUST OG GOTT ORÐSPOR

LBHÍ er mikilvægur hlekkur í sköpun, varðveislu og miðlun þekkingar á sviði matvælaframleiðslu, auðlindanýtingar, umhverfis- og skipulagsmála. Með áherslu á gæði, umbótastarf og samvinnu við hagaðila stuðlar skólinn að aukinni hagsæld, framþróun og sjálfbærni.

Lögð er áhersla á að auka sýnileika skólans hérlandis sem og erlendis og kynna starfsemi skólans með skýrum og jákvæðum hætti.

AÐGERÐIR

- + KYNNA STARFSEMI ALLRA EININGA ÁVALLT UNDIR HEITI LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS
- + VIÐHALDA GÓÐRI GÆÐAVITUND OG VINNA AÐ STÖÐUGUM UMBÓTUM
- + NIÐURSTÖÐUR GÆÐAÚTTEKTA BIRTAR OPINBERLEGA
- + TREYSTA GOTT SAMSTARF VIÐ HAGADILA OG EFLA FORMLEGAN SAMRÁÐSVETTANG
- + TRYGGJA MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL HAGADILA
- + KYNNA SKÓLANN MEÐ JÁKVÆÐUM FRÉTTUM AF STARFSEMINNI
- + LEGGJA AUKNA ÁHERSLU Á NÁTTÚRU-, UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL Í KYNNINGAREFNI

MÆLIKVARÐAR

- + TRAUST ALMENNINGS
- + TRAUST ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA
- + TRAUST HAGADILA
- + FJÖLDI JÁKVÆÐRA FRÉTTA AF STARFSEMI SKÓLANS

MARKMIÐ

- + >80% ALMENNINGS BERI TRAUST TIL LBHÍ
- + >90% ÚTSKRIFAÐRA NEMENDA BERI TRAUST TIL LBHÍ
- + >85% HAGADILA BERI TRAUST TIL LBHÍ
- + REGLULEGA JÁKVÆÐAR FRÉTTIR AF STARFSEMI SKÓLANS



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

www.lbhi.is | 433 5000 | lbhi@lbhi.is